

um breyting á lögum nr. 75 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Flm.: Þorv. Garðar Kristjánsson, Jón Árnason, Oddur Ólafsson.

1. gr.

Við 2. gr. laganna komi ný málsgrein, er verði 2. mgr., svo hljóðandi:

Enn fremur er hlutverk Fiskveiðasjóðs að veita lán til kaupenda eldri fiskiskipa. Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um lánveitingar þessar, sbr. 11. gr.

2. gr.

Við 11. gr laganna komi viðbót svo hljóðandi:

Til eldri fiskiskipa mega lán nema helmingi kaupverðs eða matsverðs, þess er lægra reynist, og skulu þá meðtaldar eftirstöðvar af lánnum sjóðsins, sem fyrir kunna að vera.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum um Fiskveiðasjóð Íslands er svo kveðið á, að hlutverk sjóðsins sé að efla framleiðslu og framleiðni í fiskveiðum, fiskiðnaði og skyldri starfsemi. Þetta skal gert með því að veita stofnlán gegn veði í fiskiskipum, vinnslustöðvum, vélum og mannvirkjum, sem að dómi sjóðsstjórnar eru í þágu sjávarútvegs, þar á meðal skipasmíðastöðvum, dráttarbrautum, viðgerðarverkstæðum og verbúðum.

Af þessu má marka, hve mikilvægu og víðtæku hlutverki Fiskveiðasjóður hefur að gegna. Ekki fer heldur á milli mála, að í framkvæmd hefur Fiskveiðasjóður grundvallarþýðingu fyrir uppbyggingu sjávarútvegsins, og hefur svo raunar verið allt frá stofnun sjóðsins, sem á sér langa og merka sögu, svo sem kunnugt er. Hins vegar hefur nokkuð skort á í starfsemi Fiskveiðasjóðs, og varðar það einn þátt lánamála sjávarútvegsins, sem ekki verður talinn veigalítil. Þessu frumvarpi er ætlað að bæta hér úr.

Meginverkefni Fiskveiðasjóðs er að veita lán til fiskiskipa. Í framkvæmd er það svo, að lánveitingar þessar hafa verið bundnar við ný fiskiskip. Hafa lögin um fiskveiðasjóð verið skilin svo, að sjóðurinn hafi ekki heimild til lánveitinga nema til nýsmíða og endurbyggingar skipa. Lán til eldri skipa hafa því verið útilokuð. Það er því á vettvangi eldri skipanna, sem skort hefur á í starfsemi Fiskveiðasjóðs. Þetta ástand hefur lengi valdið erfiðleikum, og er nú svo komið, að lengur verður ekki unað við óbreytt ástand í þessum efnum.

Eigendaskipti á fiskiskipum eru ekki ótíðari en á sér stað um aðrar eignir manna, nema síður sé. Á öllum tímum eru tíð eigendaskipti að fiskiskipum, og leiðir þetta af síbreytilegum aðstæðum, sem fylgja jafnan veiðiskap, í hvaða mynd sem er. Sérstaklega á þetta við á tímum heims sem nú eru, þegar miklar umhæltningar eru í sjávarútveginum. Í því sambandi er nærtækast að benda á tilkomu skuttogaranna. Mörg byggðarlög, sem fengið hafa skuttogara, hafa ekki þörf eða tök á að hagnýta þau fiskiskip, sem fyrir voru. Eigendur hinna eldri skipa vilja því selja þau af þessum ástæðum. Hér getur verið um góð og hagkvæm skip að ræða, sem þörf er á að nýta og eftirspurn er eftir úr öðrum byggðarlögum. En sá er hængur á, að þeir útgerðarmenn, sem gjarnan vildu kaupa þessi eldri skip, eiga erfitt með það eða eiga þess engan kost, vegna þess að Fiskveiðasjóður lánar ekki út á þau. Slíkir menn eiga þá ef til vill ekki annars vöð en að láta smíða ný skip, þar sem í því tilfelli er séð fyrir fyrirgreiðslu í lánamálum með venjulegri lánveitingu Fiskveiðasjóðs. Augljóst er, að þjóðhagslega er þetta ekki hagkvæm skipan mála.

Úr þessu vandamáli verður ekki greitt, nema Fiskveiðisjóður taki upp lánveitar til kaupa á eldri skipum. Þess vegna er frumvarp þetta lagt fram.

Útveginum. Í því sambandi er nærtækast að benda á tilkomu skuttogaranna. Mörg byggðarlög, sem fengið hafa skuttogara, hafa ekki þörf eða tök á að hagnýta þau fiskiskip, sem fyrir voru. Eigendur hinna eldri skipa vilja því selja þau af þessum ástæðum. Hér getur verið um góð og hagkvæm skip að ræða, sem þörf er á að nýta og eftirspurn er eftir úr öðrum byggðarlögum. En sá er hængur á, að þeir útgerðarmenn, sem gjarnan vildu kaupa þessi eldri skip, eiga erfitt með það eða eiga þess engan kost, vegna þess að Fiskveiðasjóður lánar ekki út á þau. Slíkir menn eiga þá ef til vill ekki annars vöð en að láta smíða ný skip, þar sem í því tilfelli er séð fyrir fyrirgreiðslu í lánamálum með venjulegri lánveitingu Fiskveiðasjóðs. Augljóst er, að þjóðhagslega er þetta ekki hagkvæm skipan mála.

Úr þessu vandamáli verður ekki greitt, nema Fiskveiðisjóður taki upp lánveitar til kaupa á eldri skipum. Þess vegna er frumvarp þetta lagt fram.